

# Vallaskóli



*Sjálfsmatskýrsla 2019 – 2020*

## Efnisyfirlit

---

Inngangur .....	3
Lýsing á Vallaskóla .....	4
Helstu niðurstöður .....	5
Sterkir þættir .....	5
Þættir sem þarfnast úrbóta .....	5
Sjálfsmatsáætlun Vallaskóla .....	6
Niðurstöður sjálfsmats skólaárið 2019 - 2020.....	7
Skólapúlsinn.....	7
Foreldrakönnun .....	7
Nánari umfjöllun.....	10
Sterkir þættir .....	10
Þættir sem þarfnast úrbóta .....	15
Nemendakönnun.....	25
Nánari umfjöllun.....	27
Sterkir þættir .....	27
Þættir sem þarfnast úrbóta .....	30
Líðan nemenda/einelti – Olweus .....	38
Lesferill .....	39
Samræmd könnunarpróf .....	42
Umbótaáætlun skólaárið 2019–2020.....	45

## Inngangur

---

Innra mat í grunnskóla hefur það að markmiði að kanna það sem vel er gert í skólastarfinu og skoða hvort sú þjónusta sem skólinn veitir sé í samræmi við skólanámskrá, aðalnámskrá grunnskóla og lög um grunnskóla.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008, kafla VIII 35. og 36. grein, er kveðið á um að hver skóli skuli meta árangur og gæði skólastarfsins. Þetta þarf að gera með kerfisbundnum hætti og þeir sem koma að matinu með einum eða öðrum hætti eru starfsmenn skólans, foreldrar og nemendur.

Niðurstöður matsins á að nýta til að bæta skólastarfið og gerð er umbótaáætlun út frá þeim. Mikilvægt er að áætlunin sé raunhæf og að henni sé fylgt vel eftir. Að vori er unnin skýrsla sem skilað er til fræðslunefndar sveitarfélagsins að undangenginni umfjöllun skólaráðs.

## Lýsing á Vallaskóla

---

Skólaárið 2019–2020 voru tæplega 640 nemendur í Vallaskóla í 1.–10. bekk. Á yngsta stigi eru nemendur í 1.–4. bekk, á miðstigi eru nemendur í 5.–7. bekk og á elsta stigi eru nemendur í 8.–10. bekkur. Skólaárið skiptist í tvær annir, haust- og vorönn og skóladagar voru 180.

Einkunnarorð skólans eru **virðing – þekking – lífsgleði**.

### Starfsfólk

Umsjónarkennarar skólaárið 2019-2020 voru 29 og heildarfjöldi starfsmannahópsins um 100 talsins. Fjórir deildarstjórar voru starfandi á öllum stigum skólans, á yngsta stigi, mið- og unglingastigi, auk deildarstjóra stoðþjónustu og deildarstjóra fjölmeningadeildar. Yfirstjórn hafa skólastjóri og aðstoðarskólastjóri.

Í öllu skólastarfi leitast starfsfólk við að hafa sem best samstarf sín á milli auk þess sem samstarf við nemendur og foreldra er einnig mikilvægt.

### Olweus

Vallaskóli er Olweusarskóli og er mikil áhersla lögð á að allir sýni góða hegðun og komi vel fram við hvert annað. Markvisst er tekið á málum ef árekstrar verða á milli nemenda og áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun og fyrirbyggjandi aðgerðir með reglulegum bekkjarfundum í anda Olweusar.

### Sjálfsmatsskýrsla

Vallaskóli gefur út sjálfsmatsskýrslu einu sinni á ári sem er aðgengileg á heimasíðu skólans <http://vallaskoli.is>. Sjálfsmatsskýrslurnar byggja á viðhorfskönnunum sem gerðar eru á meðal starfsfólks skólans, nemenda og foreldra. Einnig byggjast þær á niðurstöðum námsmats.

### Samstarfsstofnanir

Frístundarheimili er starfrækt í skólanum fyrir nemendur í 1.–4. bekk og kennarar frá Tónlistaskóla Árnesinga koma í skólann og sinna tónlistarkennslu fyrir nemendur sem skráðir eru í tónlistarnám. Skólalóðin er stór með fótboltavelli, körfuboltavelli og sæmilegum leiktækjum. Skólahúsnæði er aðeins komið til ára sinna en mikið viðhald og endurbætur fóru fram skólaárið 2017-2018 og eru framundan næsta vetur.

Félagsmiðstöðin Zelsíus tengist starfinu í skólanum að því leyti að bjóða nemendum fjölbreytt klúbbastarf eftir skólann og koma starfsmenn Zelsíus reglulega inn í skólann m.a. með kynningar á þeirri starfsemi. Auk þess hefur það færst í vöxt að skólinn sé í samstarfi við félagsmiðstöðina varðandi einstaka nemendur sem þurfa félagslegan stuðning og styrkingu. Þannig nær skólinn og félagsmiðstöðin að virkja sameiginlega krafta í því að aðstoða þá nemendur sem þurfa mest á því að halda.

## Helstu niðurstöður

---

### Sterkir þættir

Samkvæmt niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins má segja að vísbendingar um sterka þætti í Vallaskóla, í samanburði við aðra skóla á landinu séu að foreldrar eru ánægðir með úrvinnslu skólans á eineltismálum. Einnig má segja að foreldrar séu ánægðir með máltíðir í mötuneyti en fjöldi nemenda sem nota mötuneytið er yfir landsmeðaltali. Foreldrum þykir heimavinna vera hæfileg og væntingar foreldra nemenda í Vallaskóla varðandi háskólanám og iðnnám mælist yfir landsmeðaltali sem er ánægjulegt.

Samkvæmt nemendakönnun Skólapúlsins þá virðast fáir nemendur í Vallaskóla upplifa sig verða fyrir einelti miðað við landið. Einnig virðist nemendum semja vel við flesta kennara skólans og upplifa nemendur að kennarar séu áhugasamir um vellíðan þeirra. Nemendur upplifa einnig að kennarar hlusti á þá, séu sanngjarnir og hjálpsamir.

### Þættir sem þarfnast úrbóta

Í foreldrakönnuninni koma fram vísbendingar um að foreldrar eru ekki nægjanlega ánægðir með nám og kennslu í skólanum og þykir þeim skólinn ekki mæta nægilega vel þörfum allra. Einnig upplifa einhverjir foreldrar einhverja vanlíðan nemenda í skólanum, í kennslustundum og frímínútum. Foreldrar telja að það sé einelti í skólanum sem mælist yfir landsmeðaltali auk þess sem þeir telja að ekki sé unnið nægilega vel eftir eineltisáætlun skólans. Foreldrar eru ósáttir við aðstöðu fyrir nemendur í frímínútum og möguleika á tómskundaiðkun að loknum skóladegi. Einnig eru vísbendingar um að foreldrar séu ekki ánægðir með aðgang nemenda að tölum í skólanum, aðbúnað í kennslustofum, aðstöðu fyrir list- og verkgreinakennslu og aðstöðu í matsal og til íþróttakennslu í skólanum.

Í nemendakönnuninni koma fram þættir sem skoða þarf betur og snúa að áhuga nemenda á stærðfræði og náttúrufræði ásamt ánægju af lestri. Nemendur virðast ekki nógu

þrautseigir í námi og hafa ekki næga trú á sjálfum sér og eigin námsgetu. Einnig virðist það upplifun nemenda að agi sé ekki nægilegur í kennslustundum.

## Sjálfsmatsáætlun Vallaskóla

Hér að neðan er áætlun um gagnasöfnunaraðferðir í innra mati skólans til ársins 2024.

*Rafræn nemendakönnun Skólapúlsins* er lögð fyrir í 6.-10. bekk á hverju ári en sú könnun snýr að líðan nemenda í skólanum, ásamt rafrænni *Olweusarkönnun gegn einelti* sem lögð er fyrir í 5.-10. bekk á hverju ári. *Samræmd könnunarpróf* eru á hverju ári í 4. 7. og 9. bekk ásamt *Lesferli* sem er lagður fyrir í öllum árgöngum skólans þrisvar yfir skólaárið.

*Rafræn starfsmannakönnun og foreldrakönnun Skólapúlsins* eru síðan lagðar fyrir annað hvert ár til skiptis.

	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2022-2024
<b>HAUSTÖNN</b>	Skólapúls – nemendur í 6.-10. bekk	Skólapúls – nemendur í 6.-10. bekk	Skólapúls – nemendur í 6.-10. bekk	Skólapúls – nemendur í 6.-10. bekk
	Olweusarkönnun 5.-10. bekkur	Olweusarkönnun 5.-10. bekkur	Olweusarkönnun 5.-10. bekkur	Olweusarkönnun 5.-10. bekkur
	Samræmd könnunarpróf 4. og 7. bekkur	Samræmd könnunarpróf 4. og 7. bekkur	Samræmd könnunarpróf 4. og 7. bekkur	Samræmd könnunarpróf 4. og 7. bekkur
	Lesferill í september	Lesferill í september	Lesferill í september	Lesferill í september
<b>VORÖNN</b>				
	Skólapúls - starfsmenn	Skólapúls - foreldrar	Skólapúls - starfsmenn	Skólapúls - foreldrar
	Skólapúls – nemendur í 6.-10. bekk	Skólapúls – nemendur í 6.-10. bekk	Skólapúls – nemendur í 6.-10. bekk	Skólapúls – nemendur í 6.-10. bekk
	Stöðumat (smiðjur á unglíngastigi), kennarar, nemendur og foreldrar		Stöðumat (smiðjur á unglíngastigi), kennarar, nemendur og foreldrar	
	Rafræn könnun vegna umbótaáætlunar, starfsmenn		Rafræn könnun vegna umbótaáætlunar, starfsmenn	
	Samræmd könnunarpróf 9. bekkur	Samræmd könnunarpróf 9. bekkur	Samræmd könnunarpróf 9. bekkur	Samræmd könnunarpróf 9. bekkur
	Lesferill í janúar og maí	Lesferill í janúar og maí	Lesferill í janúar og maí	Lesferill í janúar og maí
Skólapúls – nemendur í 1. – 5. bekk	Skólapúls – nemendur í 1. – 5. bekk	Skólapúls – nemendur í 1. – 5. bekk	Skólapúls – nemendur í 1. – 5. bekk	

## Niðurstöður sjálfsmats skólaárið 2019 - 2020

### Skólapúlsinn

#### Foreldrakönnun

Vefslóð var send til foreldra í tölvupósti og þeir beðnir um að opna slóðina og svara spurningakönnun. Svarhlutfallið var 83,3 %.

#### Niðurstöður

Þessi könnun var gerð af Skólapúlsinum í febrúar 2020 og þeir þættir sem kannaðir eru í þessari könnun eru:

- nám og kennsla
- velferð nemenda
- aðstaða og þjónusta
- foreldrasamstarf
- heimastuðningur

Matsþættir könnunarinnar eru alls 42. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 1 til 9 með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur upp á 0,5 stig ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill munur.

**Grænar tölur** í töflunni hér að neðan sýna þætti þar sem staðan er ágæt miðað við landsmeðaltal. **Rauðar tölur** með stjörnu merkja að svör þátttakenda í rannsókninni víkja tölfraðilega marktækt frá svörum viðmiðunarhóps og því líklegt að hann sé til staðar í þýðinu. Þá þætti þarf að skoða og skýra með markvissum hætti, jafnvel þarf að bæta úr þeirri stöðu sem uppi er.

Litakerfið og framsetning töflumynda er hugmynd umsjónarmanna sjálfsmatsins í skólanum, nema að annað sé tekið fram.

1. Nám og kennsla			
<i>Matsþættir</i>	<i>Niðurstaða skólans</i>	<i>Landið</i>	<i>Mismunur</i>
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	4,3	5,2	<b>-0,9*</b>
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	90,7%	92,5%	-1,8%
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	84,4%	85,3%	-0,9%

1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	67,4%	72,6%	-5,2%
<b>2. Velferð nemenda</b>			
<i>Matsþættir</i>	<i>Niðurstaða skólans</i>	<i>Landið</i>	<i>Mismunur</i>
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemenendur	4,6	5,0	-0,4
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	80,6%	88,7%	<b>-8,1*</b>
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	83,8%	91,5%	<b>-7,7%*</b>
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	81,4%	90,6%	<b>-9,2%*</b>
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	82,3%	90,3%	<b>-8,0%*</b>
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	14,3%	8,9%	<b>5,4%*</b>
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	61,1%	59,5%	<b>1,6%</b>
2.8. Ánægja foreldra með hraða úrvinnslu skólans á eineltismálum	58,8%	55,2%	<b>3,6%</b>
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	73,8%	82,3%	<b>-8,5%*</b>
2.10 Meðaltímabil eineltis	1,6	1,4	0,2
<b>3. Aðstaða og þjónusta</b>			
<i>Matsþættir</i>	<i>Niðurstaða skólans</i>	<i>Landið</i>	<i>Mismunur</i>
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,3	5,5	<b>-0,2*</b>
3.2. Ánægja foreldra með tómsundaþjónustu	4,9	5,0	-0,1
3.3. Hlutfall nemenda í tómsundaþjónustu/frístundaheimili	54,3%	63,5%	<b>-9,2%*</b>
3.4. Ánægja foreldra með máltíðir á mötuneyti	83,5%	76,3%	<b>7,2%</b>
3.5. Notkun á mötuneyti	91,8%	91,3%	<b>0,5%</b>
3.6. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti	12,5%	4,8%	<b>7,7%</b>
<b>4. Foreldrasamstarf</b>			
<i>Matsþættir</i>	<i>Niðurstaða skólans</i>	<i>Landið</i>	<i>Mismunur</i>
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	5,1	5,0	<b>0,1</b>
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	50,0%	62,0%	<b>-12,0%*</b>
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	62,5%	69,6%	-7,1%
4.4. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	92,6%	95,0%	-2,4%
4.5. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum að mati foreldra	58,7%	59,7%	-1,0%
4.6. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	90,4%	88,4%	<b>2,0%</b>



4.7. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	65,6%	81,7%	<b>-16,1%*</b>
4.8. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	58,8%	75,6%	<b>-16,8%*</b>
<b>5. Heimastuðningur</b>			
<i>Matsþættir</i>	<i>Niðurstaða skólans</i>	<i>Landið</i>	<i>Mismunur</i>
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	4,8	5,0	-0,2
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	77,4%	76,9%	-0,3%
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	77,4%	76,9%	<b>0,5%</b>
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	60,9%	60,2%	<b>0,7%</b>
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	73,6%	72,5%	<b>1,1%</b>
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	16,7%	15,1%	<b>1,6%</b>

### Grænir þættir

Samkvæmt niðurstöðunum eru þættir sem teljast vera í ágætu lagi eftirtaldir:

- Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum
- Ánægja foreldra með hraða úrvinnslu skólans á eineltismálum
- Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti
- Notkun á mötuneyti
- Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti
- Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemendanum að mati foreldra
- Hæfileg heimavinna að mati foreldra
- Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám
- Væntingar foreldra um háskólanám
- Væntingar foreldra um iðnnám

### Rauðir þættir

Samkvæmt niðurstöðunum eru þeir þættir sem víkja marktækt neikvætt frá landsmeðaltali eftirtaldir :

- Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum
- Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda
- Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt
- Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt
- Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt
- Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra
- Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans
- Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum
- Hlutfall nemenda í tómsundaþjónustu/frístundaheimili
- Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur


- Ánægja foreldra með heimasíðu skólans
- Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá

*Nánari umfjöllun*


Hér á eftir er byrjað á því að skoða betur sterka þætti og í kjölfarið þá þætti sem þarfnast einhverra úrbóta með það að markmiði að bæta stöðuna.

*Sterkir þættir*

Það kemur fram í niðurstöðum foreldrakönnunar að Vallaskóli er aðeins fyrir ofan landsmeðaltal þegar ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum er metin (mynd 1). Ánægja foreldra varðandi þennan þátt hefur aðeins farið upp á við síðan árið 2018 sem er ánægjuleg þróun.




**Mynd 1. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020**




**Mynd 2. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020**

Ánægja foreldra með hraða úrvinnlu skólans á eineltismálum mælist aðeins fyrir ofan landsmeðaltal árið 2020 en hefur þó farið nokkuð niður á við síðan í síðustu foreldrakönnun 2018 eins og sést á mynd 2.




Mynd 3. Skólalapsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020

Það er ánægjuleg þróun sem hefur átt sér stað varðandi ánægju foreldra með máltíðir í mötuneytinu (mynd 3). Þar fer skólinn upp frá því á árinu 2018 og langt yfir landsmeðaltal.




Mynd 4. Skólalapsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020

Vallaskóli stendur á svipuðum stað og landið varðandi frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi eins og sést á mynd 4 en þessi þáttur hefur aðeins hækkað frá því árið 2018. Þegar sami þáttur er skoðaður útfrá aldurstigum skólans þá er yngsta stigið út nokkuð yfir landsmeðaltali, miðstigið er mjög svipað og landsmeðaltal og unglingsstigið nokkuð neðar.




Mynd 5. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020

Almennt þykir foreldrum í Vallaskóla mikilvægt að gera námsáætlanir með nemendum. Þessi matsþáttur mælist yfir landsmeðaltali allt frá árinu 2016 (mynd 6).




Mynd 6. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020

Varðandi heimavinnu nemenda (mynd 7) þá eru væntingar foreldra til hæfilegrar heimavinnu á landsmeðaltali. Þessi þáttur hefur einnig verið að fara upp á við í Vallaskóla síðan 2016.




Mynd 7. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020

Sá tími sem foreldrar virðast eyða með börnunum sínum í heimanám liggur á landsmeðaltali (mynd 8) og virðist hann hafa aukist aðeins frá því árið 2018 þegar hann lá undir landsmeðaltali.




Mynd 8. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020

Þegar væntingar foreldra um háskólanám barna þeirra eru skoðaðar (mynd 9) þá hafa þær farið hækkandi frá því árið 2016 og hækka enn frekar á milli árunna 2018 og 2020. Standa þær núna í landsmeðaltali sem telst jákvæð þróun.




Mynd 9. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019- 2020



Mynd 10. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020

Á mynd 10 sést hvernig væntingarnar skiptast út frá kynjum. Þá eru væntingar foreldra stúlkna mun hærri (80.6%) en drengja (66.7%). Væntingar hjá foreldrum drengja eru aðeins yfir landsmeðaltali og hjá foreldrum stúlkna jafnar landsmeðaltali.




Mynd 11. Skólaláupsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020

Þegar væntingar foreldra um iðnnám nemenda eru skoðaðar (mynd 11) þá kemur fram að foreldrar drengja telja líklegra en foreldrar stúlkna að drengirnir fari í iðnnám. Þó eru væntingar foreldra drengja í Vallaskóla aðeins fyrir neðan landsmeðaltal en væntingar foreldra stúlkna í Vallaskóla hvað iðnnám varðar er hærri en á landsvísu.


[Þættir sem þarfnast úrbóta](#)

Ef skoðaðir eru þættir sem mögulega þarf að bregðast við með sérstökum úrræðum þá er fyrst að nefna ánægju foreldra með nám og kennslu í skólanum en Vallaskóli mælist nokkuð undir landsmeðaltali þar. Þróunin hefur stefnt niður á við síðan 2015 eins og sjá má á mynd 12.




Mynd 12. Skólaláupsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020

Þegar þessi þáttur er skoðaður út frá stigum skólans (mynd 13) kemur í ljós að unglingastig er nokkuð fyrir neðan landsmeðaltal. Yngsta stig og miðstig eru einnig fyrir neðan landsmeðaltal en þar er munurinn minni en á unglingastigi.




Mynd 13. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020

Á mynd 14 sést hvernig ánægja foreldra með það hvernig skólinn mætir þörfum nemenda hefur farið niður á við síðan 2015. Þegar þessi þáttur er skoðaður út frá stigum skólans (mynd 15) þá kemur fram að 82,5% foreldra nemenda á yngsta stigi eru ánægðir með hversu vel skólinn mætir þörfum nemenda. Á miðstigi eru 76,9% foreldra ánægðir með þennan þátt og 81,5% foreldra á unglingastigi.




Mynd 14. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020






Mynd 15. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020

Að mati foreldra hefur líðan nemenda í (mynd 16) farið heldur niður á við á árunum 2018 – 2020 eftir að hafa farið aðeins upp á við á milli árana 2016 – 2018.




Mynd 16. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020

Á mynd 17 sést að líðan stúlkna er mun verri en líðan drengja í skólanum en 76,1% stúlkna líður vel í skólanum á meðan 90,6% stráka líður vel. Er þessi þáttur marktækt fyrir neðan landsmeðaltal.




Mynd 17. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020

Líðan nemenda í kennslustundum hefur samkvæmt Skólapúlsinum farið niður á við á milli árána 2018 – 2020 eftir að hafa stefnt upp á við á milli árána 2016 – 2018 (mynd 18).




Mynd 18. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020

Eins og sést á mynd 19 þá koma stúlkurnar verr út en strákarinnir varðandi líðan í kennslustundum en 86,5% drengja virðist líða vel á meðan 75,6% stúlkna líður vel. Þarna er landsmeðaltalið 91,8%.




Mynd 19. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020

Samkvæmt foreldrum virðist nemendum á yngsta stigi líða almennt vel í kennslustundum eða 87,5%. En eru þó út fyrir neðan landsmeðaltal sem er 93,6%. Nemendum á elsta stigi virðist ekki líða nógu vel (75,0%) og eru þeir einnig fyrir neðan landsmeðaltal sem er 88,0% (mynd 20).




Mynd 20. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020

Myndir 21 og 22 sýna líðan nemenda í frímínútum samkvæmt svörum foreldra og virðist líðan þeirra hafa versnað frá því 2018. Stelpunum virðist líða verr en drengjunum samkvæmt svörum foreldra.




Mynd 21. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020




Mynd 22. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020

Samkvæmt niðurstöðum þá mælist einelti í skólanum yfir landsmeðaltali (mynd 23) en það hefur haldist svipað síðan árið 2018. Milli árunna 2015 – 2016 fór þessi þáttur niður á við en aftur upp á við milli árunna 2016 – 2018 og hefur haldist svipaður síðan 2018.




Mynd 23. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020

Svo virðist sem foreldrar nemenda á yngsta stig upplifi að einelti í skólanum sé meira en á mið- og elsta stigi. Foreldrar á miðstigi upplifa einelti í skólanum svipað og á landsvísu en aðeins hærra þegar litið er til foreldra á unglingastigi (mynd 24).




Mynd 24. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020

Mynd 25 sýnir ánægju foreldra með eineltisáætlun skólans. Þar kemur fram að 79,5% foreldra eru ánægðir með eineltisáætlunina en árið 2020 mælast 73,8% foreldra ánægðir með hana. Landsmeðaltalið er 82,3%. Árið 2018 mældist þessi þáttur vel yfir landsmeðaltali en síðan þá hefur landsmeðaltalið hækkað á landsvísu en lækkað í Vallaskóla.




Mynd 25. Skólaláupsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020




Mynd 26. Skólaláupsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020

Samkvæmt niðurstöðum foreldrakönnun Skólaláupsins eru vísbendingar um að foreldrar séu óánægðir með aðstöðu í skólanum. Mælist þessi niðurstaða marktækt fyrir neðan landsmeðaltal. Eins og sést á mynd 26 þá hefur þessi þáttur þó farið aðeins upp á við frá því 2018.




Mynd 27. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020

Þegar ánægja foreldra með aðstöðuna í skólanum er skoðaður út frá árgöngum þá virðist mesta ánægjan vera á miðstiginu og mælist ánægjan hærri en á landinu en á yngsta- og elsta stigi mælist ánægjan lægri en á landinu (mynd 27).



Mynd 28. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020


Á mynd 28 sést hvernig hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu t.d. félagsmiðstöð eða frístundaheimili hefur þróast og virðist hafa verið stöðug fjölgun nemenda í Vallaskóla síðan 2015 og til ársins 2018. Frá árinu 2018 hefur nemendum síðan fækkað sem sækja þessa þjónustu og mælist fjöldi þeirra núna fyrir neðan landsmeðaltal.



Mynd 29. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020

Á mynd 29 kemur fram að drengir nýti sér frekar þessa þjónustu en stúlkur eða 59,2% og mælist fjöldi drengja svipaður og á landinu eða 64,1%. Stúlkurnar eru færri eða 48,9% og þær mælast marktækt fyrir neðan landsmeðaltal sem er 63,1%.


Vísbending er uppi um að foreldrar í Vallaskóla telji sig ekki hafa nægileg áhrif á ákvarðanir varðandi nemendur 50% foreldra telja sig hafa áhrif en yfir landið eru það 62,0% foreldra. Samkvæmt mynd 30 þá virðast foreldrar á yngsta stigi telja sig hafa mest áhrif eða 60,0%, foreldrar á miðstigi koma þar á eftir eða 48% en foreldrar nemenda á efsta stigi telja sig hafa minnst áhrifi á ákvarðanir varðandi nemendur eða 37,0% (mynd 28).



Mynd 30. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020




Þegar foreldrar eru spurðir um heimasíðu skólans þá virðast þeir ósáttir við þær upplýsingar sem þar eru og telja þær ekki nægilega gagnlegar (mynd 31). Þessi þáttur hefur heldur farið niður á við frá því árinu 2018 og mælist núna marktækt fyrir neðan meðaltal.



Mynd 31. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020

Varðandi stefnu skólans, aðalnámskrá og skólanámskrá þá kemur það í ljós að 58,8% þeirra telja sig vel eða töluvert upplýstan en 41,3% telja sig lítið eða ekkert upplýsta. Þessi þáttur mælist fyrir neðan landsmeðaltal og hefur hann farið niður á við milli áranna frá 2018 - 2020 (mynd 32).



Mynd 32. Skólapúlsinn, foreldrakönnun Vallaskóli 2019-2020

## Nemendakönnun

Árleg nemendakönnun Skólapúlsins skólaárið 2019-2020 liggur til grundvallar niðurstöðum í þessum hluta skýrslunnar. Heildarsvarhlutfall er 78% og var framkvæmd könnunarinnar í

umsjón deildarstjóra miðstigs og efsta stigs og er hún lögð fyrir með rafrænum hætti í hópi nemenda í 6.-10. bekk, að jafnaði einu sinni í mánuði. Allir nemendur í 6.-10. bekk taka könnunina einhvern tímann á skólaárinu, nema þeir hafi forfallast einhverra hluta vegna.

Meginþættir sem kannaðir eru:

- Virkni nemenda í skólanum
- Líðan og heilsa
- Skóla- og bekkjarandi

Matsþættirnir eru alls 18. Notast er við sama litakerfi og áður sem vísað er í hér að ofan.

Mismunandi spurningar liggja undir hverjum matsþætti eins og áður sagði.

<b>1. Virkni nemenda í skólanum</b>			
<i>Matsþættir</i>	<i>Niðurstaða skólans</i>	<i>Landið</i>	<i>Mismunur</i>
1.1. Ánægja af lestri	4,4	4,7	<b>-0,3*</b>
1.2. Þrautseigja í námi	4,3	4,8	<b>-0,5*</b>
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,7	5,0	<b>-0,3*</b>
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,3	4,8	<b>-0,5*</b>
1.5. Trú á eigin vinnubrögðum í námi	4,4	4,8	<b>-0,4*</b>
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,3	4,7	<b>-0,4*</b>
<b>2. Líðan og heilsa</b>			
<i>Matsþættir</i>	<i>Niðurstaða skólans</i>	<i>Landið</i>	<i>Mismunur</i>
2.1. Sjálfsálit	4,4	4,5	<b>-0,1</b>
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,5	4,6	<b>-0,1</b>
2.3. Vellíðan	4,6	4,6	0,0
2.4. Einelti	5,2	5,4	<b>-0,2*</b>
2.5. Tíðni eineltis	10,9%	12,5%	<b>-1,6%</b>
2.6. Tíðni hreyfingar – 2 í viku eða oftar	42,8%	45,6%	<b>-2,8%</b>
2.7. Holt mataræði	4,6	4,7	<b>-0,1</b>
<b>3. Skóla – og bekkjarandi</b>			
<i>Matsþættir</i>	<i>Niðurstaða skólans</i>	<i>Landið</i>	<i>Mismunur</i>
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,0	5,0	0,0
3.2. Samband nemenda við kennara	5,0	4,9	<b>0,1</b>
3.3. Agi í tímum	4,7	4,9	<b>-0,2*</b>
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,0	5,1	<b>-0,1</b>

3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu	4,9	5,0	-0,1
------------------------------------	-----	-----	------

### Grænir þættir

Samkvæmt nemendakönnun Skólapúlsins þá eru þættir sem teljast vera í ágætu lagi eftirtaldir:

- Tíðni eineltis
- Einelti
- Samband nemanda við kennara

(Alls eru þrír þættir taldir vera í ágætu lagi eða 16,6% af heild.)

### Rauðir þættir

Samkvæmt nemendakönnuninni þá eru þættir sem víkja marktækt neikvætt frá landsmeðaltali eftirtaldir:

- Ánægja af lestri
- Þrautseigja í námi
- Áhugi á stærðfræði
- Ánægja af náttúrufræði
- Trú á eigin vinnubrögðum í námi
- Trú á eigin námsgetu
- Agi í tímum


Alls eru þetta 7 þættir sem þurfa makvissa skoðun með það að markmiði að bæta stöðuna, (alls 39% af heild.)

### Nánari umfjöllun


Hér á eftir eru sterkir þættir (grænir) og þættir sem þarfnast einhverra úrbóta (rauðir) skoðaðir betur.

#### Sterkir þættir

Eins og sést á mynd 33 mælist einelti í skólanum samkvæmt könnuninni fyrir neðan landsmeðaltal meiri hluta vetrarins sem er ánægjulegt að sjá. Á mynd 34 kemur fram að einelti virðist vera minna hjá drengjum (4,8) en stúlkum (5,5).




Mynd 33. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóli 2019-2020




Mynd 34. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóli 2019-2020

Mynd 35 sýnir hvernig einelti hefur þróast í árgöngum yfir árin og virðist vera á niðurleið hjá 7., 8., og 10. bekk en aðeins á uppleið hjá 9. bekk. Yfir heildina er skólinn engu að síður fyrir neðan landsmeðaltal varðandi einelti.




Mynd 35. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóli 2019-2020

Á mynd 36 sést að samband nemenda við kennara hefur aðeins farið upp á við frá árinu 2018-2019 sem er ánægjulegt og liggur hérna á sama stað og landið.



Mynd 36. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóli 2019-2020


Þegar við skoðum þróunina á sambandi nemenda við kennara (mynd 37) þá sést að nemendur í öllum árgöngum telji sambandið við kennara hafi lagast nema hjá þeim nemendum sem eru nú í 8. bekk. Þar hefur þessi þáttur hefur farið aðeins niður á við.



Mynd 37. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóli 2019-2020


Þættir sem þarfnast úrbóta

Ánægja af lestri er kvarði sem þróaður var af OECD fyrir PISA 2000. Samkvæmt OECD hafa fyrri rannsóknir sýnt að nemendur sem hafa jákvætt viðhorf til lesturs og nemendur sem lesa mikið eru með betri lesskilning.




Mynd 38. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóli 2019-2020

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar viku Vallaskóli marktækt frá niðurstöðum á landsvísu í lestri. Á mynd 38 sést að ánægja nemenda af lestri eykst á milli árunna 2018-2019 en hafði árin þar á undan verið á niðurleið frá 2015-2016.




Mynd 39. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóli 2019-2020

Á mynd 39 sést við að 7. bekkur nær landsmeðaltali hvað ánægju af lestri varðar en ánægjan virðist minnka eftir því sem nemendur eldast og á það jafnt við um nemendur í Vallaskóla og á landinu öllu.




Mynd 40. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóli 2019-2020

Á mynd 40 sjáum við niðurstöður á þróun ánægju af lestri miðað við árganga. Áberandi er að nemendur allra bekkja sýna minnkandi ánægju af lestri á milli ára og veldur það vissum áhyggjum.



Mynd 41. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóli 2019-2020


Þrautseigja í námi vísar til þess hversu mikið nemendinn leggur sig fram í námi. Hér er spurt um hvort nemendur geri alltaf sitt besta þó svo námið sé erfitt. Á mynd 41 sést að þrautseigja nemenda minnkar með árunum en helst óbreytt frá árunum 2018-2020. Þessi þáttur mælist fyrir neðan landsmeðaltal og er sá munur marktækur.



Mynd 42. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóli 2019-2020


Þegar við skoðum hvernig meðaltal þrautseigju hjá nemendum þróast á milli ára (mynd 42) sjáum við að þrautseigja minnkar með árunum í öllum árgöngum.





Mynd 43. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóli 2019-2020


Mynd 43 sýnir hvernig áhugi á stærðfræði hefur þróast á árunum 2015-2020. Vallaskóli er yfir landsmeðaltali árið 2015 en fer niður fyrir það árið 2019. Sá munur er marktækur miðað við landið og hefur breyst lítið síðan þá og er enn að fara niður úr 4,8 árið 2019 í 4,7 árið 2020.



Mynd 44. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóli 2019-2020


Áhugi á stærðfræði virðist minnka hjá öllum árgöngum á milli ára eins og sést á mynd 44 en þó virðist áhuginn hjá nemendum fæddum 2007 aukast frá 6.-7. bekk. Er það ánægjuleg þróun.

Ánægja af náttúrufræði hefur einnig farið niður á við í Vallaskóla síðan árið 2015 og sést á mynd 45. Á milli ára 2018-2020 stendur hún í stað sem er ánægjuleg þróun. Munurinn mælist þó ennþá marktækt fyrir neðan meðaltal sem er áhyggjuefni.




Mynd 45. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóli 2019-2020

Áhugi nemenda í Vallaskóla í 6.–10. bekk á náttúrufræði fer minnkandi í öllum árgöngum á milli ára (mynd 46). Það vekur hinsvegar athygli og er vert að skoða nánar að ánægja nemenda í árgangi sem útskrifast 2020 rýkur upp frá 9.-10. bekk sem er mjög ánægjuleg þróun.




Mynd 46. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóli 2019-2020

Samkvæmt mynd 47 virðast nemendur í 6.-10. bekk Vallaskóla hafa minni trú á eigin vinnubrögðum í náminu miðað við aðra nemendur skóla sem taka könnun Skólapúlsins. Vallaskóli mælist fyrir neðan landsmeðaltal og er sá munur marktækur.




Mynd 47. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóli 2019-2020

Ef litið er til árgangapróunar varðandi trú nemenda á eigin vinnubrögðum (mynd 48) þá stendur árgangur 2007 árgangurinn í stað frá því árinu áður, árgangur 2006 hækkar aðeins á milli ára úr 4,6 í 4,7 en árgangar 2005 og 2004 lækka aðeins frá síðasta skólaári.




Mynd 48. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóli 2019-2020

Trú nemenda á eigin námsgetu (mynd 49) er fyrir neðan landsmeðaltal Skólapúlsins skólaárið 2018-2019 og er sá munur marktækur. Ánægjulegt er að sjá að þessi þáttur hækkar úr 4,2 – 4,3 frá árinu 2018.




Mynd 49. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóli 2019-2020

Samkvæmt mynd 50 þá virðist trú nemenda á eigin námsgetu almennt fara minnkandi með árunum í könnun Skólapúlsins hjá öllum nemendum í 6.–10. bekk í Vallaskóla. Árgangur 2007 stendur í stað á milli ára og virðist árgangur 2004 hækka aðeins eða úr 4,1 í 4,2.




Mynd 50. Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóli 2019-2020

Þegar upplifun nemenda af aga í kennslustundum er skoðuð (mynd 51.) þá sést að sá þáttur hefur aðeins farið niður á við í Vallaskóla og mælist núna marktækt fyrir neðan landsmeðaltal.




Mynd 51 Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóli 2019-2020

Á mynd 52 sjáum við að upplifun nemenda á aga í kennslustundum eftir árgöngum. Þar sést að nemendur í árgöngum 2007 og 2004 upplifa að aginn hafi frekar aukist en nemendur annarra árganga upplifa agann hafa minnkað á milli ára.



Mynd 52 Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóli 2019-2020

Ef þessi þáttur er skoðaður með tilliti til kynja (mynd 53) þá virðast stúlkurnar upplifa minni aga (4,3) í kennslustundum en strákar (5,0).



Mynd 53 Skólapúlsinn, nemendakönnun Vallaskóli 2019-2020

## Líðan nemenda/einelti – Olweus

*Einelti er endurtekið neikvætt atferli eins eða fleiri einstaklinga sem beinist gegn ákveðnum einstaklingi sem á erfitt með að verja sig*

Hin árlega Olweusarkönnun var lögð fyrir á haustönn 2020 fyrir skólaárið 2019-2020 í umsjón verkefnisstjóra Olweusar. Nemendur í 5.-10. bekk tóku þátt og var könnunin tekin á rafrænu formi.

Svarhlutfall var 86,6% (sjá hlutfall eftir árgöngum hér að neðan):

5. bekkur	94.4%
6. bekkur	90.8%
7. bekkur	85.3%
8. bekkur	88.5%
9. bekkur	80.0%
10. bekkur	81.1%

Niðurstöður sýna að meirihluti nemenda líkar mjög vel eða vel í skólanum eða 78,7% en nemendum sem líður illa eða mjög illa í skólanum eru 6,1%. Þar af eru 6,8% stelpur og 5,4% strákar og hefur nemendum sem líður ekki nógu vel í skólanum fækkað frá því í fyrra.

Alls hafa 6,4% nemenda í 5.-10. bekk orðið fyrir einelti tvisvar til þrisvar sinnum í mánuði eða oftar, alls 23 nemendur. Þarna eru stelpurnar 5,8% eða 7 einstaklingar en strákarnir 3,9% eða 4 einstaklingar. Þegar 5. bekkur er tekinn út úr niðurstöðum Olweusarkönnunarinnar þá mælist eineltið í þeim árgangi 23,5% og fjöldi nemenda er 12.

Stúlkur virðast frekar hafa orðið fyrir einelti í eitt ár eða lengur eða 5,8% nemenda, alls 7 einstaklingar en hjá drengjum eru það 3,9% nemenda, alls 4 einstaklingar. Einnig virðast stúlkur óttast það frekar en drengir að verða fyrir einelti annarra nemenda í skólanum eða 16,7% um 29 einstaklingar á meðan drengirnir eru um 10,7% eða 19 einstaklingar. Þessar tölur eru samtölur þeirra sem svara *öðru hverju, fremur oft eða mjög oft*.

Stúlkur eru ólíklegri að *taka þátt í að leggja nemanda í einelti sem þær kunna ekki vel við* frekar en strákar. Munurinn hér er töluverður en 6,9% stúlkna og 16,7% drengja segjast vera tilbúnir til þess að leggja nemendur í einelti og eru þetta svör þeirra sem svara *já, já, kannski eða ég er ekki viss*.

Þegar nemendur sjá aðra nemendur á svipuðum aldri verða fyrir einelti í skólanum þá segjast 71,9% stúlkna *reyna að hjálpa þeim* en 60,6% drengja. Engar stúlkur segjast *bara horfa á það sem á sér stað* en 2,8% drengja segjast gera það.

Nemendur telja kennara eða aðra fullorðna í skólanum *næstum alltaf eða oft* gera eitthvað til að stöðva eineltið eða 56,0% nemenda. Nemendur eru einnig spurðir að því hversu mikið almennt þeir telji að umsjónarkennari hafi gert eitthvað til að koma í veg fyrir einelti í bekknum. Nemendur sem svöruðu *lítið eða ekkert* eða *fremur lítið* eru 39,2% og svara 46,3% drengja þannig en 31,7% stúlkna.

Ef þetta er dregið saman þá kemur í ljós að það eru meiri líkur á því að stúlkum líði illa í skólanum en drengjum. Það eru vísbendingar um að þær verði frekar fyrir einelti í skólanum en strákar og óttast frekar að verða fyrir einelti. Stúlkurnar eru ólíklegri til þess að taka þátt í einelti ásamt því að vera líklegri til þess að hjálpa til ef þær sjá aðra jafnaldra verða fyrir einelti í skólanum.


## Lesferill

*Lesferli* er matstæki af hálfu Menntamálastofnunar. Því er ætlað að meta grunnþætti læsis, s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Matstækið samanstendur af nokkrum stöðuprófum þar sem staða nemandans er metin miðað við jafnaldra á landsvísu.


Framkvæmd könnunar er að öllu jöfnu í höndum umsjónarkennara. Prófin taka mið af aðalnámskrá grunnskóla og fylgja þeim áherslum sem þar eru lagðar. Prófin eru fyrst og fremst hugsuð sem verkfæri fyrir viðkomandi skóla og kennara til að bæta kennslu og koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Sjá nánar:

[https://mms.is/sites/mms.is/files/kynning\\_a\\_lesferli.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/kynning_a_lesferli.pdf)

Niðurstöður Lesferils eru nokkuð ljósar samkvæmt neðangreindum línuritum. Þar sem nemendur eru prófaðir þrisvar sinnum yfir skólaárið (september, janúar, maí) fást nokkuð glöggar vísbendingar um þróun á meðaltali lesinna orða í skólanum miðað við landsmeðaltal (allt landið).




Mynd 54. Lesferill, meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum skv. stöðuprófi í september 2019



Mynd 55. Lesferill, meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum skv. stöðuprófi í janúar 2020





Mynd 56. Lesferill, meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum skv. stöðuprófi í maí 2020

Vallaskóli er bláa línan, landsmeðaltal er rauða línan og viðmiðin eru gráu brotnu línurnar. Í fyrstu mælingunni í september 2019 eru flestir nemendur að ná 1. viðmiði. Í annarri mælingu í janúar 2020 hafa allir árgangar náð 1. viðmiði og að nálgast 2. viðmið. Fjórði árgangur sig þar út og er komin miðja vega á milli fyrsta og annars viðmiðs. Í þriðju mælingunni halda nemendur áfram að hækka og eru nemendur í 4. árgangi mjög nálægt 2. viðmiði en nemendur í 7. árgangi eru enn mjög nálægt 1. viðmiði. Nemendur í 10. árgangi sýna svipaðar framfarir og 4. árgangur þar sem þeir byrja í upphafi vetrar við 1. viðmið en í síðustu mælingunni eru þeir afar nálægt því að ná 2. viðmiði.

Ef við skoðum þróun lesinna orða á **yngsta stigi** í september þá mælist 1. árgangur alveg við 1. viðmið og aðeins fyrir ofan landsmeðaltal en 2. og 3. árgangur ná ekki viðmiði 1 og eru fyrir neðan landsmeðaltal. 4. árgangur nær 1. viðmiði en er aðeins undir landsmeðaltali. Í mælingunum í janúar er athyglisvert að sjá að 3. og 4. árgangur taka stökk og 4. árgangur nálgast viðmið 1. 1. árgangur virðist enn vera á sama stað um haustið en 2. árgangur fer aðeins upp fyrir 1. viðmið. Í þriðju og síðustu mælingunni í maí þá taka allir árgangar á yngsta stigi gott stökk og 4. árgangur er þar ansi nálægt 2. viðmiði.

Hvað **miðstigið** varðar þá eru 5. og 6. árgangur fyrir neðan landsmeðaltal hvað viðmið 1 varðar í september en 7. árgangur nær viðmiði 1 og er afar nálægt landsmeðaltalinu. Í janúar nær 5. árgangur viðmiði 1 en nemendur í 6. og 7. árgangi eru á svipuðum stað og um haustið. Í mælingunni á maí halda árgangarnir á miðstigi ennþá áfram að bæta sig og virðist 5. árgangurinn taka stærsta stökkið.

Á **efsta stigi** ná árgangar 8 og 9 ekki viðmiði 1 en 10. árgangur nær viðmiði 1. Mælingin í janúar sýnir alla árganga á unglingsstigi bæta sig aðeins en þó mest 10. árgangur. Í síðustu mælingu að vori tekur 10. árgangurinn meiri framförum, stendur á landsmeðaltali og er nálægt því að ná viðmiði 2.

Enginn árgangur í skólanum nær alveg viðmiði 2 yfir veturinn en 4. árgangur er ansi nálægt því í mælingunni í maí. 1. árgangur nær landsmeðaltali um vorið og árgangur 10 stendur á landsmeðaltalinu allan veturinn.

### Samræmd könnunarpróf

Samræmd könnunarpróf eru gerð af Menntamálastofnun og lögð fyrir nemendur með rafrænum hætti í septembermánuði í 4. bekk og 7. bekk (íslenska og stærðfræði) og í 9. bekk í marsmánuði (íslenska, stærðfræði og enska). Nánast allir nemendur Vallaskóla í viðkomandi árgöngum taka samræmd könnunarpróf en þátttökuhlutfallið fyrir skólaárið 2019-2020 er eftirfarandi:

**4. bekkur:** Íslenska N=52 stærðfræði N=52

**7. bekkur:** Íslenska N=62 stærðfræði N=61


**9. bekkur:** Íslenska N=46 stærðfræði N=46 enska N=46

Á myndum hér að neðan má sjá árangur nemenda í 4., 7. og 9. bekk borið saman við árangur nemenda yfir landið.

Raðeinkunnir								
Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	46	18	39,1%	22	47,8%	6	13,0%
	Lestur	46	19	41,3%	21	45,6%	6	13,0%
Stærðfræði	Heild	46	18	39,1%	25	54,4%	3	6,5%
	Reikningur og aðgerðir	46	15	32,6%	29	63,0%	2	4,3%
Enska	Heild	46	14	30,4%	21	45,6%	11	23,9%
	Lestur	46	14	30,4%	20	43,5%	12	26,1%


Mynd 57. Samræmd könnunarpróf, raðeinkunn í 9. bekkur, 2019 – 2020

Á mynd 57 má sjá árangur 9. bekkjar í öllum greinum og hvernig þeir raðast niður eftir raðeinkunum 1–24, 25–75 og 76–99.




Mynd 58. Samræmd könnunarpróf, raðeinkunn í 9. bekk 2019–2020 íslenska

Á mynd 58 má sjá árangur nemenda í 9. bekk í íslensku borinn saman við árangurinn yfir landið. Árangur nemenda í Vallaskóla mælist svipaður og landið ef horft er til nemenda sem fá einkunnina C. Nemendur í Vallaskóla sem fá einkunnirnar B+ og B og eru aðeins færri en á landsvísu en nemendur sem fá C+ eru fleiri í Vallaskóla en á landsvísu. Nemendur sem fá einkunnina D eru fleiri í Vallaskóla en mun færri í skólanum eru með einkunnina A.



Mynd 59. Samræmd könnunarpróf, raðeinkunn í 9. bekk 2019–2020, stærðfræði

Ef einkunnir í stærðfræði í 9. bekk eru skoðaðar (mynd 59) kemur í ljós að í Vallaskóla var enginn nemandi með A. Mun færri nemendur í Vallaskóla voru með B+ heldur en á landinu en aftur á móti mun fleiri nemendur með C. Aðeins færri nemendur í Vallaskóla eru með B heldur en á landsvísu, aðeins fleiri í skólanum með C+ og svipaður fjöldi er með einkunnina D.



Mynd 60. Samræmd könnunarpróf, raðeinkunn í 9. bekk 2019–2020, enska

Þegar enskan í 9. bekk er skoðuð (mynd 60) kemur í ljós að Vallaskóli er með mjög svipaðar niðurstöður og á landsvísu varðandi fjölda nemenda með einkunnina B, aðeins fleiri í skólanum eru með B+ og C en aðeins færri nemendur í skólanum eru með einkunnina C+.

Þegar við skoðum 7. bekkinn þá eru 37% nemenda í 7. bekk með raðeinkunn í íslensku á bilinu 1–24, 48,6% eru með raðeinkunn á bilinu 25–75 og 14,3% á bilinu 76–99. Í stærðfræðinni eru 35% nemenda í 7. bekk með raðeinkunnir á bilinu 1–24, 52% nemenda á bilinu 25–75 og 12,7% á bilinu 76–99.

Raðeinkunnir								
Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	62	17	27,4%	31	50,0%	14	22,6%
	Lestur	62	16	25,8%	30	48,4%	16	25,8%
Stærðfræði	Heild	61	25	41,0%	28	45,9%	8	13,1%
	Reikningur og aðgerðir	61	25	41,0%	31	50,8%	5	8,2%

Mynd 61. Samræm könnunarpróf, raðeinkunn 7. bekk 2019–2020, íslenska og stærðfræði

Ef horft er til landsins og heildareinkunnar í íslensku og stærðfræði í 7. bekk þá er Vallaskóli með heldur stærri hóp nemenda í neðstu raðeinkunn 1-24 og færri nemendur falla í hópinn með raðeinkunnir á bilinu 76-99.

Á mynd 62 sjást raðeinkunnir nemenda í 4. bekk í Vallaskóla en þar eru 36% nemenda með raðeinkunn á bilinu 1–24 í íslensku, 40% nemenda með raðeinkunn á bilinu 25–75 en

24% nemenda er með raðeinkunnina 76–99. Í stærðfræðinni eru 38,5% nemenda með raðeinkunn á bilinu 1–24, 44,2% á bilinu 25–75 og 17,3% með raðeinkunn á bilinu 76–99.

Raðeinkunnir								
Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	52	13	25,0%	29	55,8%	10	19,2%
	Lestur	52	13	25,0%	26	50,0%	13	25,0%
Stærðfræði	Heild	52	13	25,0%	29	55,8%	10	19,2%
	Reikningur og aðgerðir	52	11	21,1%	27	51,9%	14	26,9%

Mynd 62. Samræmd könnunarpróf, raðeinkunnir í 4. bekk 2019 - 2020, íslenska og stærðfræði

## Umbótaáætlun skólaárið 2019–2020

Hér á undan hefur verið farið yfir niðurstöður allra kannana sem liggja sjálfsmati til grundvallar og framkvæmdar voru á skólastarfi Vallaskóla skólaárið 2019–2020. Til þess að fylgja eftir niðurstöðunum um hvað megi bæta og breyta er sett fram umbótaráætlun sem sjá má hér fyrir neðan.

Tækifæri til umbóta	Áætlanir um umbætur	Tímasetning umbóta	Tímasetning endurmats og hvernig á að meta árangur	Ábyrgðaraðilar
Lestrarkennsla	Námskeið: <b>Lesferill: Matstæki, greining gagna og lestrarkennslan</b>	Veturinn 21-22	Nemendakönnun Skólapúlsins Lesferill	Deildarstjóri stoðkennslu og deildarstjóri yngsta stígs
Styrkja sjálfsmynd nemenda og ábyrgðarkennd gagnvart eigin námi og framkomu	Styrkja kennara enn frekar í að halda bekkjarfundi og ýta undir orðræðu sem eflir og styrkir sjálfsmynd nemenda	Veturinn 21-22	Nemendakönnun Skólapúlsins	Deildarstjórar Námsráðgjafi
Agi í kennslustundum Líðan nemenda í kennslustundum	Efla kennara í bekkjarstjórnun	Veturinn 21-22	Nemendakönnun Skólapúlsins	Deildarstjórar
Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	Efla Mentorvinnu kennara þar sem leiðsagnamat verði virkara og þ.a.l. foreldrar upplýstari Vikuáætlanir sýnilegar foreldrum t.d. á Mentor Vikulegur póstur frá kennurum t.d. á Mentor – Upplýsingaveitan	Vinna hófst vorið 20 og mun halda áfram veturinn 21-22	Foreldrakönnun Skólapúlsins	Stjórnendur

Tækifæri til umbóta	Áætlanir um umbætur	Tímasetning umbóta	Tímasetning endurmats og hvernig á að meta árangur	Ábyrgðaraðilar
Ánægja foreldra með hvernig skólinn mætir þörfum nemenda	Efla umræðuna um skóla án aðgreiningar, sveigjanleika í kennslu og fjölbreytta kennsluhætti	Veturinn 21-22	Foreldrakönnun Skólapúlsins	Stjórnendur
Líðan nemenda í frímínútum	Efla gæslu og styrkja stuðningsfulltrúa í því að vera með leikjastöðvar	Byrjað veturinn 20-21 og verður haldið áfram	Reglulegir fundir með stuðningsfulltrúum Skólapúlsinn- starfsmannakönnun Skólapúlsinn – Foreldra- og nemendakönnun	Deildarstjórar
Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	Uppfæra eineltisáætlun og vekja athygli foreldra á henni	Vorið 2021	Foreldrakönnun Skólapúlsins	Verkefnisstjóri Olweusar
Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	Endurnýjun á húsnæði og húsgögnum, endurhönnun skólalóðar	Hefur verið unnið með þessu þætti síðustu ár og því verður haldið áfram árið 21-22	Foreldrakönnun Skólapúlsins	Stjórnendur Húsvörður
Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	Efla kennara í samskiptum við foreldra t.d. í tengslum við aðlögun námsefnis	Veturinn 21-22	Foreldrakönnun Skólapúlsins	Deildarstjórar
Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	Bæta uppsetningu á heimasíðu skólans – uppfærsla fyrirhuguð	Vinna er hafin og heldur áfram 21-22	Foreldrakönnun Skólapúlsins	Stjórnendur í samvinnu við umsjónarmann heimasíðu og verkefnisstjóra um upplýsingamál hjá Árborg
Birting stefnu skólans og skólanámskrár	Skólanámskrá verði birt á góðum stað á nýrri heimasíðu skólans	Vinna hófst vorönn 2021 og mun halda áfram	Foreldrakönnun Skólapúlsins	Stjórnendur í samvinnu við umsjónarmann heimasíðu